

II.

16.—19. gr. samningsins falla brott, og núverandi 20.—22. gr. verða 16.—18. gr.

III.

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag sem allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem nauðsynlegar eru til þess að hann geti öðlast gildi.

Finnska utanríkisráðuneytið skal tilkynna hverjum samningsaðila um dagsetningar á móttöku slíkra tilkynninga.

IV.

Frumeintak þessa samnings skal geymt í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur hverjum samningsaðila í té staðfest eftirrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lundi hinn 6. maí 1985 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Hinn 30. nóvember 1985 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Lundi 6. maí 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1983 þar sem samstarfssamningurinn er birtur eins og honum hefur verið breytt með samningum frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974 og 15. júní 1983. Samkomulagið var staðfest samkvæmt heimild í ályktun Alþingis frá 28. nóvember 1985. Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974 og 15. júní 1983 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og, sem óska að starfshættir í norrænni samvinnu verði árangursríkari, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

52. og 54. gr. samstarfssamningsins orðist svo:

52. grein

Á hverju aðalþingi kýs þingið stjórnarnefnd sem í eiga sæti einn forseti og níu aðrir fulltrúar. Hver deild ráðsins skal eiga tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Þess skal gætt, svo sem unnt er, að mismunandi stjórnmalastefnur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúi í stjórnarnefndinni skal vera kjörinn fulltrúi í ráðinu.

Losni starf fulltrúa í stjórnarnefnd milli tveggja aðalþinga skal deild sú, sem fulltrúinn átti sæti í, velja annan fulltrúa til næsta aðalþings.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

54. grein

Ráðinu til aðstoðar er skrifstofa stjórnarnefndarinnar, sem ritari stjórnarnefndarinnar, sem stjórnarnefndin tilnefni, veitir forstöðu, svo og nefnd (ritarnefnd) sem í eiga sæti ritari stjórnarnefndarinnar og ritarar deilda landanna.

Stjórnarnefndin ræður ritara nefnda og annað starfslið sem þörf er á til að rækja sameiginleg skrifstofustörf ráðsins. Sérhver deild ræður starfslið sér til aðstoðar.

II.

Fleirtölumynd orðsins „skrifstofur“ í danska, finnska og íslenska textanum í 3. mgr. 61. gr. samstarfssamningsins breytist í eintölumynd.

III.

64. gr. samstarfssamningsins orðist svo:

64. grein

Ráðherranefndin skal fyrir hvert aðalþing Norðurlandaráðs gefa ráðinu skýrslu varðandi norræna samvinnu. Í skýrslu þessari skal ráðherranefndin einkum gera grein fyrir samstarfi liðins árs.

Ráðherranefndin skal fyrir hvert aðalþing Norðurlandaráðs leggja fram sérstaka greinargerð varðandi áætlanir um áframhaldandi samstarf. Með greinargerðinni skal fylgja tillaga að fjárhagsáætlun varðandi norrænu samvinnuna.

Áður en ráðherranefndin lætur vinna tillögu að fjárhagsáætlun skal hlutaðeigandi aðila í Norðurlandaráði gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt.

IV.

Samkomulagið öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag sem allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem nauðsynlegar eru til þess að það geti öðlast gildi.

Finnska utanríkisráðuneytið skal tilkynna hverjum samningsaðila um dagsetningar á móttöku slíkra tilkynninga.

V.

Frumeintak þessa samkomulags skal geymt í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur samningsaðilum í té staðfest eftirrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Lundi hinn 6. maí 1985 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.